

Meðferð eineltismála

1. Tilkynning

Ábyrgð – allir starfsmenn skólans

Vakni grunur um einelti skal gera umsjónarkennara nemandans (þolanda / geranda) grein fyrir málinu. Umsjónarkennari tilkynnir námsráðgjafa strax um málið. Umsjónarkennari upplýsir eineltisteymi skólans skriflega um málið.

2. Upplýsingaöflun

Ábyrgð – umsjónarkennari og námsráðgjafi

Umsjónarkennari leitar eftir nánari upplýsingum sem víðast. Námsráðgjafi aðstoðar umsjónarkennara við upplýsingaöflun eftir þörfum.

Mögulegar leiðir við upplýsingaöflun:

- Rætt við allt starfsfólk sem kemur að hópnum.
- Rætt við foreldra og/eða bekkjarfulltrúa.
- Skoða nýlegar tengslakannanir eða leggja fyrir nýjar.
- Athugun í frímínútum.
- Athugun í kennslustundum.
- Viðtöl við einstaka nemendur.

Umsjónarkennari og námsráðgjafi taka saman niðurstöður upplýsingaöflunar og leggja fyrir á fundi með eineltisteyminu.

3. Aðgerðir

Ábyrgð – umsjónarkennari

Niðurstöður upplýsingaöflunar segja til um þær aðgerðir sem gripið er til í framhaldinu. Meti umsjónarkennari í samráði við eineltisteymið að um einelti sé að ræða er aðgerðaáætlun sett í gang. Að slíkri aðgerðaáætlun geta komið ýmsir aðilar innan skólans s.s. námsráðgjafi, eineltisteymi skólans aðrir starfsmenn og stjórnendur. Umsjónarkennari upplýsir foreldra og starfsfólk um málið.

Mögulegar leiðir til að bregðast við einelti:

Formleg viðtöl við nemendur.

- Séu tekin formleg viðtöl við nemendur eru foreldrar/forráðamenn viðkomandi nemenda látnir vita af því.
- Stjórnendur aðstoða við formlegu viðtölin.

Vinna með nemendahópinn

- Uppröðun í stofu / svæðum breytt
- Kennari velur í sæti (mögulega allan veturinn)
- Lífsleikni og fleiri tímar teknir í hópefli.
- Bekkjarfundir – haldnir oft en venja er.

Samstarf við foreldra/forráðamenn.

- Upplýsingar sendar heim.
- Fundað með foreldrum.
- Heimaverkefni.

Einnig er hægt að leita til sérfræðinga á Þjónustumiðstöð hverfisins og til

Fjölskyldumiðstöðvarinnar (www.barnivanda.is). Eineltismál geta verið af ýmsum toga og því verður hver aðgerðaáætlun að taka mið af eðli máls hverju sinni.

4. Eftirfylgd

Ábyrgð – umsjónarkennari

Mikilvægt er að umsjónarkennarar, bæði þolanda og gerenda, hafi reglulega samband við foreldra/forráðamenn og fái upplýsingar og upplýsi um stöðu mála. Þegar foreldrar þolanda hafa fullvissað skólann um að einelti gagnvart barni þeirra hafi stöðvast þá er málinu lokið.